

Lykilupplýsingaskjal

Skjal þetta veitir þér lykilupplýsingar um þessa fjárfestingarafurð. Það er ekki markaðsefni. Upplýsingagiöfin er lögbundin og veitt í þeim tilgangi að hjálpa þér að skilja eðli, áhættu, kostnað, hugsanlegan ávinning og tap af afurðinni og hjálpa þér að bera hana saman við aðrar afurðir.

Grunnupplýsingar og afurð

Séreignaleið 5, séreignaleið Kviku banka hf. (kt. 540502-2930)

Framleiðandi fjárfestingaafurðar

Kvika banki hf., kt. 540502-2930

Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, s: 540 3200.

Netfang: thjonusta@kvika.is, heimasíða www.kvika.is

Kvika banki hf. heyrir undir eftirlit Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Dagsetning lykilupplýsingaskjals: 1.1.2022

Þú ert við það að gera samning um afurð sem er ekki einföld og erfitt gæti verið að skilja.

Hvers konar afurð er þetta?

Tegund afurðar: Séreignaleið 5 er séreignasjóður í samræmi við II. kafla laga nr. 129/1997. Leiðin er rekin undir Kviku banka.

Markmið afurðar og hentugleiki: Séreignaleið 5 fjárfestir í innlendum og erlendum hlutabréfum, skuldabréfum og verðbréfasjóðum. Jafnframt er möguleiki á að fjárfesta í íbúðahúsnæði til útleigu í samræmi við 36. gr. laga nr. 129/1997. Ekki mun vera notast við afleiður í leiðinni.

Við fjárfestingar fyrir séreignardeildir þarf að gæta þess að velja auðseljanleg bréf þar sem rétthafar geta óskað eftir flutningi innstæðna til annarra vörsluaðila eða á milli leiða með skömmum fyrirvara. Fjárfestingar leiðarinnar taka mið af tegundaflokkum 1.-6. töluliðar 36. gr. laga nr. 129/1997 með síðari breytingum. Nánari útlistun á stefnu og tegundaflokkum leiðarinnar má finna í fjárfestingastefnu Kviku banka sem er aðgengileg á heimasíðu Kviku.

Fjárfestingum leiðarinnar er beint að þeim fjárfestingakostum sem eignastýrendur telja líklegast að skila bestri ávöxtun að teknu tilliti til áhættu. Fjárfestingastjórar beita markvissri eignaráðstöfun með tíðri endurskoðun eignasamsetningar sem rúmast innan vikmarka fjárfestingarstefnu. Þá er horft til áhættustýringar við val á eignum með hliðsjón af landsvæðum, atvinnugreinum, útgefendum og gjaldmiðlum. Kvika banki hefur sett fram aðgengilega stefnu um ábyrgar fjárfestingar og er tekið tillit til umhverfislegra þátta, félagslegra þátta og stjórnarháttar við mat á fjárhagslegri áhættu fjárfestingakosta í samræmi við stefnu sjóðsins.

Markhópur afurðar, almennir fjárfestar: Séreignaleið 5 hentar þeim sem vilja taka litla áhættu með séreignasparnað sinn með virkri stýringu í innlánnum, ríkistryggðum skuldabréfum og hlutabréfum. Leiðin er hugsuð fyrir þann aldurshóp sem á að jafnaði stuttan tíma eftir á vinnumarkaði þar sem stöðugleiki í ávöxtun skiptir mestu máli.

Séreignasparnaður Kviku er valkostur fyrir þá sem vilja greiða viðbótargjöld til að auðvelda fólki að hætta fyrr að vinna og stuðla að betri fjárhag fyrir starfslok. Sjóðfélagar hafa val um að greiða 4% af heildarlaunum í séreignasjóði og fá þá mótframlag frá launagreiðanda sem getur numið allt að 2% til viðbótar.

Hverjar eru áhætturnar og hvaða ávöxtun gæti ég fengið?

Áhættuvísir



Áhættumælikvarðinn mælir áhættuna út frá sögulegum og væntum verðsveiflum. Flokkunin byggist á sveiflum í ávöxtun í fortíð en flokkunin mælir ekki almenna áhættu við fjárfestingu í leiðinni. Matíð byggir á staðalfrávikum sögulegrar ávöxtunar sem er mælikvarði á sveiflum í ávöxtun. Leið þar sem sveiflur í ávöxtun eru litlar, fær flokkunina 1 en leið þar sem sveiflur í ávöxtun eru mestar fær flokkunina 7.

Lægsta áhættuflokkunin merkir ekki að fjárfestingin sé áhættulaus. Áhættuflokkunin er ekki tryggð og gæti breyst. Söguleg ávöxtun er hvorki áreiðanleg vísibending um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð.

Áhættumælikvarðinn er ekki almenn lýsing á þeirri áhættu sem fylgir fjárfestingu í leiðinni. Öllu heldur er um að ræða tölfræðilega, hlutbundna lýsingu á einum þeirra áhættuþátta sem kunna að vera til staðar við fjárfestingu í slíkum fjármálagerningi.

Þessi fjárfestingaleið felur ekki í sér vernd gegn framtíðarárangri markaðarins svo að þú gætir tapað allri fjárfestingu þinni. Ef Séreignaleið 5 getur ekki greitt þér það sem við skuldum gætirðu tapað allri fjárfestingu þinni. Endurgreiðsla höfuðstóls er því ekki tryggð.

Árangurssviðsmyndir

Taflan sýnir niðurstöður mismunandi sviðsmynda og mögulegar útgreiðslur komi til innlausna. Miðað er við að á fyrsta ári raungerist sviðsmyndin en árin eftir, að því gefnu að innlausnin eigi sér ekki stað eftir eitt ár, fylgi hóflegri sviðsmynd. Gert er ráð 100.000 kr. innborgun á ári í 12 jöfnum greiðslum.

Árleg fjárfesting 100.000kr. eftir mismunandi sviðsmyndum		1 ár	2 ár	4 ár
Álagssviðsmynd	Mögulegar endurheimtur	96.871	194.907	388.057
	Meðalnafnávöxtun á ári	-3,1%	-2,1%	-1,5%
Óhagsstæð sviðsmynd	Mögulegar endurheimtur	99.996	205.052	423.199
	Meðalnafnávöxtun á ári	0,0%	1,3%	1,9%
Hófleg sviðsmynd	Mögulegar endurheimtur	105.242	216.001	455.243
	Meðalnafnávöxtun á ári	5,2%	5,2%	5,2%
Hagstæð sviðsmynd	Mögulegar endurheimtur	110.148	224.934	479.302
	Meðalnafnávöxtun á ári	10,1%	8,6%	7,8%

Útreikningarnir byggja á sögulegri þróun gengis leiðarinnar og því er ekki um spá að ræða. Ekki er um nákvæma útreikninga að ræða fyrir hvern og einn viðskiptavin þar sem aðstæður hvers og eins geta verið mismunandi.

Hvað gerist ef Kvika banki getur ekki greitt út?

Þú getur orðið fyrir fjárhagstjóni ef Séreignaleið 5 getur ekki greitt út séreignarsparnaðinn í heild eða hluta til þín. Þar sem Séreignaleið 5 er verðbréfaeið með áherslu á skuldabréf og jafnframt með heimildir í hlutabréfum myndi slíkt fjárhagstjórnt almennt ekki falla undir tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta skv. lögum nr. 98/1999.

Hver er kostnaðurinn?

Við fjárfestingu í Séreignaleið 5 skal hafa eftirfarandi í huga varðandi þann kostnað sem sjóðfélagar verða fyrir.

- Enginn dreifingarkostnaður er á Séreignaleið 5, þar með engin sölulaun greidd, enginn upphafskostnaður eða hlutfall af iðgjöldum sem fer í kostnað.
- Enginn kostnaður er vegna flutnings á milli fjárfestingaleiða Kviku banka.
- Fjárfestingagjöld, umsýsluþóknun og skrifstofu- og stjórnunarkostnaður er dreginn frá gengi leiðarinnar mánaðarlega.

Kostnaður yfir tíma

Árleg fjárfesting 100.000kr.	1 ár	2 ár	4 ár
Heildarkostnaður kr.	880	1.377	3.378
Áhrif á ávöxtun á ári (RIY)	0,86%	0,86%	0,86%

Samsetning kostnaðar

Taflan hér fyrir neðan sýnir:

- Árleg áhrif af mismunandi tegundum kostnaðar við ávöxtun fjárfestingar sem þú gætir þurft að greiða í lok ráðlags fjárfestingartíma.
- Merking mismunandi kostnaðarflokka.

Taflan sýnir áhrif á ávöxtun leiðarinnar á hverju ári			Skýring
Stakur kostnaður	Inngöngukostnaður	0,00%	Áhrif kostnaðar sem þú greiðir við upphaf fjárfestingar.
	Útgöngukostnaður	0,00%	Áhrif kostnaðar við að innley sa fjárfestingu þína þegar hún fellur í gjalddaga
Viðvarandi kostnaður	Viðskiptakostnaður eignasafns	0,06%	Áhrif kostnaðar okkar við að kaupa og selja undirbyggandi fjárfestingar fyrir afurðina
	Annar viðvarandi kostnaður	0,80%	Áhrif kostnaðar sem við innheimtum árlega fyrir að stýra fjárfestingum þínum og kostnaðurinn sem er settur fram í II. þætti
Aukakostnaður	Árangurstengdar þóknarir	0,00%	Áhrif árangurstengdra þóknana.
	Hlutdeild í hagnaði	0,00%	Áhrif hlutdeildar í hagnaði.

Hve lengi á ég að fjárfesta og get ég tekið fé út snemma?

Ráðlagður fjárfestingartími fyrir Séreignaleið 5 er a.m.k. 7 ár. Séreignaleið 5 er blönduð séreignaleið og inniheldur lægra hlutfall hlutabréfa en Kvika séreignaleiðir 3 og 4 og er því áhættuminni. Um miðjan starfsaldur minnkar þol fyrir sveiflum og þar af leiðandi hentar leiðin þeim aldri sem eru um miðjan starfsaldur. Hærra hlutfall yngri sjóðfélaga eru í Kviku séreignaleiðum 2-4 og því gefst aukid rými til fjárfestinga í eignum sem gefa meira af sér til lengri tíma.

Hinsvegar, við fjárfestingar fyrir séreignardeildir þarf að gæta þess að velja auðseljanleg bréf þar sem réttihafar geta óskað eftir flutningi innstæðna til annarra vörsluaðila eða á milli leiða með skömmum fyrirvara.

Séreignarsparnaður er laus til útborgunar við 60 ára aldur og hægt er að fá inneignina greidda í einu lagi eða með jöfnum mánaðarlegum greiðslum til þess tíma sem viðkomandi óskar eftir. Einnig má haga greiðslum eftir hentugleika. Við úttekt greiðist fullur tekjuskattur.

Hvernig ber ég fram kvörtun?

Þú getur lagt fram kvörtun til Kviku banka vegna afurðarinnar. Skila má inn kvörtun í gegnum síma 540-3200, í afgreiðslu sjóðsins að Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, eða á netfangið thjonusta@kvika.is.

Aðrar upplýsingar

Nánari upplýsingar um Séreignaleið 5 má finna á www.kvika.is. Þar má finna ársreikning Kviku banka og fjárfestingastefnu sjóðsins.